

103. fundur skráningarráðs, haldinn fimmtudaginn 12. maí 2016 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 9-11:15

Fundarmenn: Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna, Magnhildur Magnúsdóttir verkefnisstjóri RDA innleiðingar.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.
2. Hagræðing greinarmerkja.
Hallfríður lagði fram tillögu að skilgreiningu um hvaða greinarmerkjum er æskilegt að hagræða og hvernig. Tillagan var samþykkt og Hallfríður beðin um að finna dæmi til skýringar og birta í Handbók skrásetjara.
3. Grunnskjöl í Handbók skrásetjara.
Hildur lagði fram tillögu frá ritstjórn Handbókar skrásetjara Gegnis frá 31. mars um hvernig skyldi haldið utan um breytingar sem verða á Handbók skrásetjara. Ekki er talin ástæða til að uppfæra grunnskjölin. Þau standa óbreytt þar til þau verða úrelt og munu hverfa úr Handbókinni. Einungis vefurinn verður uppfærður og dagsetning nýjustu uppfærslu birt á vefnum.
4. Sóttar færslur.
Hildur lagði fram tillögur að meðhöndlun á sóttum færslum skráðum samkvæmt AACR2 sem hún og Rósfríður unnu. Tillagan var samþykkt.
5. Svið 264 3 framleiðandi / prentstaður.
Tekið fyrir erindi frá Hallfríði um frávík frá reglu um stafrétta upptekt á framleiðslustað/framleiðanda fyrir íslenskar bækur prentaðar erlendis. Tillagan er samþykkt og notkun á sviðinu aðlöguð að þörfum Landsbókasafns til að halda utan um hvar íslenskar bækur eru prentaðar.

Jafnframt mun Hallfríður athuga hvort mögulegt sé að halda utan um þessar upplýsingar í kóða sviðum.

6. Erindi tónlistarhóps – íslensk heiti tónverka
Samþykkt að nota svið 740 fyrir íslensk heiti tónverka.
7. Skráningarheimildir í Gegni
Dögg mun eyða út skráningarheimildum þeirra sem ekki hafa sótt RDA-skráningarnámskeiðin eða fengið undanþágu samþykka í lok maí.
8. 600 t og punktar
Erindinu er vísað til gæðahóps og/eða birtingarhóps.
9. Önnur mál

Sigrún og birtingarhópurinn hafa sameinað birtingu á texta fyrir svið 260 og svið 264 1. Svið og fyrirsagir eru:

264 0 Óútgefið

264 1 Útgefandi, ár

264 2 Dreifing

264 3 – mun ekki birtast á leitir.is en verður notað á Lbs sjá 5. lið.

264 4 – mun birtast án fyrirsagnar, á eftir útgáfuári

Áfram um birtingu, lagt er til að í stuttri færslu birtist bara svið 245 en sviðum 100 og 700 sleppt. Lagt verður mat á hvort þær upplýsingar séu nægjanlegar í stuttri frærslu.

Rósa leggur áherslu á að töf við birtingu á leitir.is sé óboðleg. Færslur birtist allt að sólarhring eftir að þær hafi verið vistaðar.

Hildur og Hallfríður ræða hornklofa í greiniskráningu. Áfram verður leyfilegt að nota [ritdómur] og [viðtal] við greiniskráningu enda ekki um formgreiningu að ræða heldur viðbótarupplýsingar frá skrásetjara.

Hallfríður segir frá því sem hún ætlar að taka fyrir í erindi sínu á fræðslufundi skrásetjara.

Breytt starfsumhverfi í afgreiðslu (á almenningabókasöfnum) við það að missa út formgreininguna var til umræðu og mögulegar lausnir viðraðar.

Hildur og Þóra eru búnar að uppfæra skjalið Ákvarðanir skáningarráðs til og með 102. fundar skráningarráðs.

Næsti fundur er áætlaður 14. júní 2016 kl. 13 í fundarherbergi Þjóðarbókhöðuí tengslum við innleiðingarfund saman dag